



Flokkun í Grundarfirði

Leiðbeiningar til íbúa

Kæru íbúar,

Nú hefjum við innleiðingu á nýju samræmdu flokkunarkerfi í takt við breytingar á lögum meðhöndlun úrgangs. Fjórir úrgangsflokkar eiga nú að vera við hvert heimili, bæði í þéttbýli og dreifbýli:

Pappír og pappi

Matarleifar

Plast

Blandaður úrgangur

Þetta þýðir að íbúar fá fjórðu tunnuna til flokkunar og verður henni dreift til íbúa í síðustu viku septembermánaðar. Málmur fer nú ekki lengur í heimilistunnu, heldur má skila honum á grenndarstöð innanbæjar. Það sama gildir um gleri. Öðrum úrgangi má, eins og áður, skila á söfnunarstöðina við Ártún. Allar tunnur verða merktar með nýjum samræmdum flokkunarmerkingum.

Íbúafundur verður haldinn til að kynna þessar breytingar mánudaginn 23. september nk. kl. 17:15 í Sögumiðstöðinni, Grundargötu 35.

Grenndarstöðvar


Sett verður upp grenndarstöð til söfnunar á málmum og gleri, innanbæjar, við Kjörbúðina.

Málmur: Litlir og hreinir málmhlutir eins og niðursuðudósir, krukkulok og sprittkertakoppar.

Gleri: Hrein ílát og flöskur úr gleri. Tappar og krukkulok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmum eftir því sem við á.

Nánar um grenndarstöðvar í dreifbýli og söfnunarstöðina við Ártún má lesa á heimasíðu sveitarfélagsins.

Pappír & pappi



Til að hægt sé að endurvinna pappaubúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Dagblöð	Bylgjupappi
Tímarit	Fernur
Umslög	Umbúðir úr sléttum pappa
Minnismiðar	Morgunkornspakkar
Bækur án harðkápu	Pappahólkar
Skrifstofupappír	Pizzakassar
Annar prentpappír	Eggjabakkar



Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, handþurrkur, servíettur eða munþurrkur, bökunarpappír, pakkabönd, möppur, bókakápur.

Plast



Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Plastpokar	Áleggsbréf
Plastbakkar	Plastfilma
Hreinsiefnabrusar	Plastlok
Skyrdósir	Plasttappar



Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, leikföng með rafhlöðum, raftæki, geisladiskar, tannburstar, plastmöppur, frauðplast, lyfjaspjöld, umbúðir undan spilliefnum.

Matarleifar



Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.

Ávextir	Pasta
Grænmeti	Kartöflur
Brauð	Eggjaskurn
Kaffikorgur	Tannstönglar
Kjöt- og fiskafangar	Servíettur

✗ Má ekki fara

Bleyjur, sláturúrgangur, fuglshamir, stór bein, dýrasaur, kattasandur, ryksugupokar, eyrnapinnar.

Blandaður úrgangur



Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt.

Bleyjur	Kattasandur
Tyggjó	Dýrasaur
Ryksugupokar	Eyrnapinnar
Bökunarpappír	Bómullarhnoðrar
Stór bein	

✗ Má ekki fara

Spilliefni, raftæki, rafhlöður.

Frekari flokkunarleiðbeiningar og upplýsingar um innleiðingu á flokkunarkerfinu má finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.grundarfjordur.is